



MASKÍNA
AFSTAÐA ÍSLENDINGA TIL FLÓTTAMANNA OG INNFLYTJENDA
SEPTEMBER 2015



AÐFERÐ ÍTARLEGAR NIÐURSTÖÐUR

BLS. 3

SP1: VIÐHORF TIL MÓTTÖKU FLÓTTAMANNA FRÁ SÝRLANDI
SP2: FJÖLDI FLÓTTAMANNA
SP3: ÁHYGGJUR AF FJÖLDA INNFLYTJENDA

Bls.
4
7
10



MARKMIÐ OG FRAMKVÆMD

Könnun þessi er gerð af Maskínu.

Könnunin fór fram dagana 4. til 15. september 2015. Hún var lögð fyrir Þjóðgátt Maskínu sem er byggð á slembiúrtaki úr Þjóðskrá og nær til fólks af báðum kynjum á aldrinum 18-75 ára af öllu landinu. Svarendur voru 747 og eru gögnin vigtuð með tilliti til kyns, aldurs og búsetu í samræmi við hvernig þeir þættir skiptast í Þjóðskrá.

maskína

Reykjavík, 16. september 2015.

Með þökk fyrir gott samstarf,

Þóra Ásgeirsdóttir

Þorlákur Karlsson

Ævar Þórolfsson

STUTTAR SKÝRINGAR Á TÖLFRÆÐIHUGTÖKUM Í SKÝRSLU

Meðaltal í könnunum er mæligildi á svonefnda miðsækni svara. Það segir til um hvar þungamiðja svara við tiltekinni spurningu liggur. Formúla meðaltals í orðum er einfaldlega að tölugildi svara allra þátttakenda eru lögð saman og deilt í með fjölda svara.

Staðalfrávik í könnunum er mæligildi á það hve mikið svör við tiltekinni spurningu sem er mæld á samfelldan kvarða dreifast í kringum meðaltal hennar. Þannig að í tiltekinni viðhorfsspurningu þýðir lágt staðalfrávik að lítill munur sé á viðhorfi svarenda og meira að marka meðaltalsviðhorfið en þegar staðalfrávik er hátt, sem myndi þýða að meiri munur væri á viðhorfi svarenda.

Ki-kvaðrat próf er marktektarpróf sem er notað til að meta hvort að marktækur munur er á bakgrunnshópum á svarkvörðum sem ekki teljast samfelldir.


ANOVA er skammstöfun á Analysis of Variance sem hefur verið nefnt dreifigreining á íslensku. ANOVA metur það hvort marktækur munur er á meðalgildum svara við spurningu á samfelldum kvarða.

VIÐHORF TIL MÓTTÖKU FLÓTTAMANNA FRÁ SÝRLANDI



Sp. 1. Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ertu því að Ísland taki við flóttamönnum frá Sýrlandi á næstu mánuðum?

	Fjöldi	%
Mjög hlynnt(ur) (5)	264	37,0
Fremur hlynnt(ur) (4)	140	19,6
Í meðallagi (3)	151	21,2
Fremur andvíg(ur) (2)	96	13,4
Mjög andvíg(ur) (1)	62	8,7
Gild svör	712	100,0
Gildir svarendur	712	95,4
Svöruðu ekki	34	4,6
Heildarfjöldi	747	100,0



Á bilinu 56-57% svarenda eru hlynnt því að Ísland taki við flóttamönnum frá Sýrlandi á næstu mánuðum en um 22% eru hins vegar andvíg því. Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem valmöguleikinn „Mjög hlynnt(ur)“ fær gildið 5 en valmöguleikinn „Mjög andvíg(ur)“ fær gildið 1. Meðaltalið er 3,63 sem þýðir að meðaltalið liggja á milli „Í meðallagi“ og „Fremur hlynnt(ur)“.



















Á næstu tveimur síðum má sjá hvernig svör skiptast eftir bakgrunni svarenda en þar sést meðal annars að konur eru mun hlynntari því en karlar að taka á móti flóttamönnum frá Sýrlandi, yngri svarendur eru mun hlynntari því en þeir sem eldri eru, Reykvíkingar eru mun hlynntari því en aðrir, þeir sem hafa lokið háskólaprófi eru hlynntari því en þeir sem hafa styttri skólagöngu að baki og þeir sem hafa litlar eða engar áhyggjur af fjölda innflytjenda á Íslandi eru hlynntari en þeir sem hafa einhverjar áhyggjur.

Þá er verulegur munur á svörum fólks eftir því hvaða stjórnmálaflokk það styður. Kjósendur Vinstri grænna eru hlynntastir því að Ísland taki við flóttamönnum frá Sýrlandi, eða yfir 70% en 66-68% kjósenda Samfylkingar og Pírata eru því hlynntir. Einungis um 22% kjósenda Framsóknarflokksins eru hlynnt því að við tökum á móti sýrlenskum flóttamönnum, um 38% kjósenda Sjálfstæðisflokksins og næstum þrír af hverjum fimm kjósendum Bjartrar framtíðar. Meðaltalið er þó hæst hjá kjósendum Vinstri Grænna og Samfylkingarinnar þar sem fáir taka afstöðu gegn því að við tökum á móti flóttafólki frá Sýrlandi.

VIÐHORF TIL MÓTTÖKU FLÓTTAMANNA FRÁ SÝRLANDI



Sp. 1. Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ertu því að Ísland taki við flóttamönnum frá Sýrlandi á næstu mánuðum?

	Gild svör	Hlynnt(ur)	Í meðallagi	Andvíg(ur)	
	Fjöldi	%	%	%	
Allir	712	56,7	21,2	22,1	 3,63
Kyn*					
Karl	334	47,1	24,1	28,8	 3,37
Kona	378	65,1	18,7	16,1	 3,86
Aldur*					
Yngri en 25 ára	93	73,5	17,5	9,0	 4,16
25-34 ára	129	69,8	13,6	16,7	 3,94
35-44 ára	120	54,6	18,8	26,7	 3,55
45-54 ára	125	52,1	21,7	26,2	 3,47
55 ára og eldri	244	46,7	27,8	25,6	 3,38
Búseta*					
Reykjavík	279	64,8	19,2	16,0	 3,92
Nágr.sveitarfélög Rvk.	181	55,8	17,4	26,8	 3,57
Önnur sveitarfélög	252	48,3	26,2	25,5	 3,36
Fjölskyldutekjur					
399 þúsund eða lægri	150	61,0	20,6	18,4	 3,75
400-549 þúsund	91	50,6	30,6	18,8	 3,51
550-799 þúsund	142	57,1	22,3	20,5	 3,67
800 þúsund eða hærrí	208	62,1	16,1	21,8	 3,77
Eru tekjur heimilis þíns að þínu mati hærrí eða lægri en meðaltekjur heimila í landinu?					
Lægri en meðaltekjur heimila í landinu	216	61,0	19,5	19,5	 3,67
Svipaðar og meðaltekjur heimila í landinu	273	57,7	24,0	18,3	 3,72
Hærrí en meðaltekjur heimila í landinu	149	56,5	15,8	27,7	 3,62

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).

VIÐHORF TIL MÓTTÖKU FLÓTTAMANNA FRÁ SÝRLANDI




Sp. 1. Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ertu því að Ísland taki við flóttamönnum frá Sýrlandi á næstu mánuðum?

	Gild svör	Hlynnt(ur)	Í meðallagi	Andvíg(ur)	
	Fjöldi	%	%	%	
Allir	712	56,7	21,2	22,1	3,63
Menntun*					
Grunnskólapróf	117	35,3	35,9	28,8	3,15
Framhaldsskólapróf/lðnmenntun	237	49,0	23,0	27,9	3,43
Háskólapróf	316	73,2	13,7	13,1	4,03
Hjúskaparstaða*					
Gift(ur)/Kvænt(ur)/Í sambúð	519	56,5	21,0	22,5	3,61
Einhleyp(ur)	109	65,5	18,2	16,3	3,91
Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill	45	46,8	28,6	24,7	3,39
Hvaða flokk myndir þú kjósa í dag?*					
Bjarta framtíð	28	59,3	27,5	13,1	3,88
Framsóknarflokkinn	47	22,1	34,3	43,6	2,78
Pírata	162	68,3	12,2	19,5	3,89
Samfylkinguna	51	66,1	29,1	4,8	4,16
Sjálfstæðisflokkinn	98	38,1	25,3	36,6	3,00
Vinstrihreyfingin - grænt framboð	49	70,6	22,5	6,9	4,14
Hefur þú miklar, litlar eða engar áhyggjur af því að fjöldi innflytjenda verði of mikill á Íslandi?*					
Miklar	228	12,3	28,2	59,4	2,31
Í meðallagi	162	55,7	34,9	9,4	3,67
Litlar	225	85,5	12,5	2,0	4,42
Alls engar	96	96,0	1,8	2,2	4,84

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).



Sp. 2. Hversu mörgum flóttamönnum frá Sýrlandi telur þú að Ísland eigi að taka við á næstu tveimur árum?*



*Hér voru engir fyrirfram tilgreindir svarmöguleikar heldur slógu svarendur inn sitt svar. Svör voru flokkuð eftir á.

**Þeir sem voru andvígir því að Ísland taki við flóttamönnum (Sp. 1) fengu ekki þessa spurningu. Hér hefur þeim 158 svarendum verið bætt við þessa spurningu á þeim forsendum að þeir vilji enga flóttamenn til Íslands (fá tölugildið 0).

Einn af hverjum fjórum svarendum vill ekki taka á móti neinum flóttamönnum frá Sýrlandi á næstu tveimur árum, en álíka stór hópur vill taka á móti 100 flóttamönnum eða færri. Ef horft er til miðgildisins má segja að Íslendingar vilji að jafnaði taka við 100 flóttamönnum frá Sýrlandi. Meðaltalið er töluvert hærra (rúmlega 2.500) en miðgildið þar sem nokkur hluti svarenda nefndi mjög háar tölur og því er **meðaltalið ekki lýsandi fyrir vilja landsmanna**. Til að sjá mun á milli hópa er greint eftir því á næstu tveimur síðum.

Á næstu síðum sést að fólk sem er 35 ára og eldra er líklegra en fólk yngra en 35 ára til að vilja ekki taka á móti neinum flóttamönnum og aftur er munur á kjósendum stjórn mála flokkanna áberandi. Sjá má að á bilinu 42-46% kjósenda stjórnarflokkanna vilja ekki taka á móti neinum flóttamönnum en innan við 10% kjósenda Samfylkingar og Vinstrigrænna.

FJÖLDI FLÓTTAMANNA



Sp. 2. Hversu mörgum flóttamönnum frá Sýrlandi telur þú að Ísland eigi að taka við á næstu tveimur árum?*

	Gild svör	Engum (er andvíg(ur))	1-100 manns	101-500 manns	501-1000 manns	1001-2000 manns	Fleiri en 2000 manns	
	Fjöldi	%	%	%	%	%	%	
Allir	606	26,4	26,3	22,3	9,9	5,5	9,6	
Kyn								
Karl	297	33,0	26,1	21,3	6,3	7,0	6,3	1987
Kona	308	20,0	26,5	23,3	13,4	4,0	12,8	2999
Aldur*								
Yngri en 25 ára	76	11,0	21,2	10,0	15,5	11,5	30,9	14991
25-34 ára	113	19,1	23,0	23,9	13,1	8,9	12,0	1498
35-44 ára	98	34,6	22,5	22,8	7,3	4,6	8,3	645
45-54 ára	104	31,5	23,2	31,0	9,8	0,8	3,8	373
55 ára og eldri	214	29,6	33,2	21,4	7,5	4,2	4,1	456
Búseta*								
Reykjavík	237	19,6	21,5	26,3	10,9	7,0	14,7	3149
Nágr.sveitarfélög Rvk.	158	30,6	25,2	21,5	6,9	6,9	8,9	4244
Önnur sveitarfélög	211	30,9	32,5	18,5	11,1	2,7	4,4	478
Fjölskyldutekjur*								
399 þúsund eða lægri	138	20,1	29,0	13,1	8,0	7,4	22,4	8672
400-549 þúsund	77	23,1	32,6	23,6	11,8	5,5	3,4	521
550-799 þúsund	122	24,8	25,8	24,6	15,0	2,1	7,7	1076
800 þúsund eða hærrí	178	25,8	21,2	29,8	10,8	6,1	6,3	621
Eru tekjur heimilis þíns að þínu mati hærrí eða lægri en meðaltekjur heimila í landinu?*								
Lægri en meðaltekjur heimila í landinu	190	23,2	25,9	17,7	11,1	6,9	15,2	6250
Svipaðar og meðaltekjur heimila í landinu	233	21,8	31,2	23,4	11,2	5,2	7,2	704
Hærrí en meðaltekjur heimila í landinu	131	31,5	16,3	32,3	8,0	5,4	6,6	642

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).

FJÖLDI FLÓTTAMANNA




Sp. 2. Hversu mörgum flóttamönnum frá Sýrlandi telur þú að Ísland eigi að taka við á næstu tveimur árum?*

	Gild svör	Engum (er andvíg(ur))	1-100 manns	101-500 manns	501-1000 manns	1001-2000 manns	Fleiri en 2000 manns	
	Fjöldi	%	%	%	%	%	%	
Allir	606	26,4	26,3	22,3	9,9	5,5	9,6	
Menntun								
Grunnskólapróf	97	34,6	40,3	13,9	3,3	4,8	3,1	395
Framhaldsskólapróf/Íðmenntun	217	30,9	26,4	19,8	8,8	5,6	8,5	2709
Háskólapróf	260	16,6	20,6	29,2	14,5	6,3	12,7	3342
Hjúskaparstaða*								
Gift(ur)/Kvænt(ur)/Í sambúð	439	27,2	25,9	23,6	10,8	5,0	7,4	1745
Einhleyp(ur)	99	17,8	27,6	17,7	9,5	8,8	18,5	7011
Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill	38	29,3	26,5	29,5	8,3	6,4	0,0	286
Hvaða flokk myndir þú kjósa í dag?								
Bjarta framtíð	21	18,0	37,0	10,2	18,8	12,0	4,1	665
Framsóknarflokkinn	47	46,2	35,4	12,1	4,5	1,8	0,0	121
Pírata	146	21,7	15,9	32,0	9,6	5,7	15,1	5379
Samfylkinguna	45	5,4	33,9	23,3	19,7	6,5	11,1	928
Sjálfstæðisflokkinn	88	41,9	21,0	26,9	6,6	1,4	2,2	273
Vinstrihreyfingin - grænt framboð	39	8,7	26,9	34,0	14,6	10,4	5,5	741
Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ertu því að Ísland taki við flóttamönnum frá Sýrlandi á næstu mánuðum?*								
Hlynnt(ur)	328	0,5	20,1	34,3	17,7	9,6	17,7	4568
Í meðallagi	120	0,7	77,8	18,7	1,5	1,3	0,0	130
Andvíg(ur)	157	100,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	
Hefur þú miklar, litlar eða engar áhyggjur af því að fjöldi innflytjenda verði of mikill á Íslandi?*								
Miklar	213	63,6	25,7	8,5	0,4	1,4	0,3	82
Í meðallagi	121	14,1	47,8	23,2	8,0	1,4	5,5	516
Litlar	188	2,4	21,3	38,1	17,8	5,1	15,3	1297
Alls engar	84	3,5	8,3	20,6	19,1	22,3	26,1	14145

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p<0,05).



Sp. 3. Hefur þú miklar, litlar eða engar áhyggjur af því að fjöldi innflytjenda verði of mikill á Íslandi?



Fleiri en þrír af hverjum tíu hafa miklar áhyggjur af því að fjöldi innflytjenda verði of mikill á Íslandi en 13-14% hafa alls engar áhyggjur af því. Samanlagt eru það 45% sem segjast hafa litlar eða engar áhyggjur. Reiknað er meðaltal þar sem mjög miklar áhyggjur fá gildið 5 en mjög litlar og alls engar áhyggjur fá gildið 1. Meðaltalið er 2,74 sem þýðir að það liggur milli „fremur litlar“ og „í meðallagi“.

Karlar hafa meiri áhyggjur en konur (hærra meðaltal karla), fólk sem er 35 ára og eldra hefur meiri áhyggjur en fólk yngra en 35 ára, íbúar af landsbyggðinni hafa meiri áhyggjur en höfuðborgarbúar og þeir sem hafa aðeins lokið grunnskólaprófi hafa mun meiri áhyggjur en þeir sem hafa lokið meiri menntun. Þá hafa kjósendur stjórnarflokkanna mun meiri áhyggjur en kjósendur annarra flokka, en vel yfir helmingur kjósenda stjórnarflokkanna hefur miklar áhyggjur af því að fjöldi innflytjenda verði of mikill á Íslandi.

ÁHYGGJUR AF FJÖLDA INNFLYTJENDA



Sp. 3. Hefur þú miklar, litlar eða engar áhyggjur af því að fjöldi innflytjenda verði of mikill á Íslandi?

	Gild svör	Miklar	Í meðallagi	Litlar	Alls engar	
	Fjöldi	%	%	%	%	
Allir	714	31,9	23,1	31,6	13,5	2,74
Kyn*						
Karl	334	37,9	22,0	26,7	13,4	2,89
Kona	381	26,6	24,1	35,8	13,6	2,60
Aldur*						
Yngri en 25 ára	93	13,1	26,5	42,1	18,3	2,22
25-34 ára	131	22,4	21,6	38,1	17,9	2,31
35-44 ára	121	38,0	19,4	31,7	10,9	2,88
45-54 ára	127	34,4	24,7	27,4	13,4	2,88
55 ára og eldri	242	39,9	23,5	26,1	10,6	3,02
Búseta*						
Reykjavík	277	25,1	19,5	35,9	19,5	2,41
Nágr.sveitarfélög Rvk.	181	35,9	19,6	28,7	15,9	2,83
Önnur sveitarfélög	256	36,5	29,4	28,8	5,3	3,03
Fjölskyldutekjur						
399 þúsund eða lægri	149	26,1	28,2	30,0	15,7	2,61
400-549 þúsund	91	35,5	24,3	33,9	6,3	2,88
550-799 þúsund	142	36,0	19,5	30,5	14,0	2,82
800 þúsund eða hærrí	207	29,9	19,4	33,4	17,2	2,60
Erú tekjur heimilis þíns að þínu mati hærrí eða lægri en meðaltekjur heimila í landinu?						
Lægri en meðaltekjur heimila í landinu	215	28,0	26,4	32,7	13,0	2,69
Svipaðar og meðaltekjur heimila í landinu	273	32,3	22,0	31,5	14,2	2,69
Hærrí en meðaltekjur heimila í landinu	148	33,1	19,9	31,6	15,4	2,74

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).

ÁHYGGJUR AF FJÖLDA INNFLYTJENDA



Sp. 3. Hefur þú miklar, litlar eða engar áhyggjur af því að fjöldi innflytjenda verði of mikill á Íslandi?

	Gild svör	Miklar	Í meðallagi	Litlar	Alls engar	
	Fjöldi	%	%	%	%	
Allir	714	31,9	23,1	31,6	13,5	2,74
Menntun*						
Grunnskólapróf	117	45,6	32,5	15,8	6,1	3,34
Framhaldsskólapróf/lönnmenntun	237	37,9	23,3	27,1	11,6	2,94
Háskólapróf	315	22,4	19,0	40,3	18,3	2,35
Hjúskaparstaða*						
Gift(ur)/Kvænt(ur)/Í sambúð	519	33,5	22,3	30,2	13,9	2,78
Einhleyp(ur)	109	23,3	25,7	36,3	14,8	2,45
Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill	44	39,5	21,5	30,3	8,7	3,02
Hvaða flokk myndir þú kjósa í dag?*						
Bjarta framtíð	28	26,7	17,6	36,9	18,7	2,41
Framsóknarflokkinn	47	64,8	24,2	6,2	4,8	3,74
Pírata	161	25,2	17,3	39,9	17,6	2,41
Samfylkinguna	51	15,6	22,9	29,1	32,5	2,09
Sjálfstæðisflokkinn	98	52,8	22,6	19,7	4,9	3,47
Vinstrihreyfingin - grænt framboð	49	11,9	29,0	41,2	17,9	2,24

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).